

BORGARRÁÐ 25.08.2016 Tillaga Framsóknar og flugvallarvina um frestun upptöku rafrænna samræmdra prófa - R16080120

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu að borgarráð samþykki að senda eftirfarandi áskorun til Menntamálastofnunar: Borgarráð krefst þess að grunnskólanemendur verði ekki látnir þreyta samræmd próf með rafrænum hætti skólaárið 2016-2017.

Greinargerð:

Ástæðan er fyrst og fremst sú að jafnræðis er ekki gætt á meðal nemenda grunnskólanna þar sem gríðarlegur munur er á milli sveitafélaga og jafnvel skóla innan sveitarfélaganna í tölvuvæðingu og kennslu í tölvufærni og þjálfun í fingrasetningu. Mikil fjárhagsleg hagræðing á skóla- og frístundasviði á síðustu árum hefur meðal annars komið hart niður á því svigrúmi sem skólastjórnendur hafa haft til að fjárfesta nægjanlega í tölvum, uppfærslum og kennslu á þessu sviði. Börnin verða að njóta vafans og forsenda fyrir því að samræmd könnunarpróf verði framkvæmd rafrænt er sú að jafnræðis sé gætt og að allir skólar hafi sambærilegan aðgang að tölvum, ritþjálfun, neti og kennslu í þeim tölvuþáttum sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsögn um tillögu Framsóknar og flugvallarvina um frestun upptöku rafrænna samræmdra prófa - R16080120

Óskað var eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um tillögu Framsóknar og flugvallarvina um frestun upptöku rafrænna samræmdra prófa sem lögð var fyrir borgarráð 25. ágúst 2016. Tillagan felst í því að borgarráð samþykki að senda eftirfarandi áskorun til Menntamálastofnunar: *Borgarráð krefst þess að grunnskólanemendur verði ekki látnir þreyta samræmd próf með rafrænum hætti skólaárið 2016 – 2017.* Tillögunni fylgdi greinargerð þar sem helstu rök fyrir beiðni um frestun voru þau að jafnræðis væri ekki gætt milli nemenda grunnskólanna þar sem mikill munur væri milli sveitarfélaga og jafnvel skóla innan sveitarfélaga varðandi tölvuvæðingu, aðgengi nemenda að tölvum og hæfni þeirra í upplýsingatækni.

Menntamálastofnun (MMS) hóf innleiðingu rafrænna prófa samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis í febrúar á þessu ári. Verða prófin lögð fyrir 4. og 7. bekk í lok september 2016 og fyrir 9. og 10. bekk í mars 2017. Í 35 borgarreknunum skólum í Reykjavík eru 1.300-1.500 nemendur í þeim fjórum árgöngum sem prófin verða lögð fyrir eða samtals um 5.500 nemendur. Ýmsir sáu vankanta á ákvörðuninni og framkvæmdinni s.s. Samband sveitarfélaga, Grunnur félag fræðslustjóra og starfsmanna skólaskrifstofa, Skólastjórafélag Íslands, og Félag grunnskólakennara og komu athugasemdum sínum á framfæri við menntamálaráðherra og menntamálastofnun.

Frá því að ákvörðun um rafræn próf lá fyrir hefur margvísleg vinna farið fram. Skrifstofa SFS hefur í samráði við UTD unnið að frekari greiningu og stutt við forpróf sem fram fóru í skólum í maí. Samstarf við MMS hefur einnig verið af ýmsum toga og hefur stofnunin aðlagð fyrirlögn prófa í september að mismunandi búnaðarstöðu með því að bjóða upp á tvær fyrirlagnir á sama prófdegi. Einnig hefur próftími verið stytur sem gefur skólum betri möguleika til að koma tveimur fyrirlögnum fyrir á sama skóladegi.

Hafa verður í huga að þegar jafn stór breyting eins og rafræn próf eru er innleidd í skólastarf getur ýmislegt komið upp á sem orkar tvímælis og má gagnrýna. Þetta á t.d. við um mismunandi búnað, aðstæður í próftöku, tímasetningu prófa í tvítekingu, ólíkan undirbúning nemenda og hæfni í notkun tækninnar. Það er mikilvægt að yfirvöld í Reykjavík hvetji MMS til að upplýsa vel foreldra og samfélagið allt um þá staðreynd að einhver ár muni taka að komast þangað sem stefnt er að með rafræn próf sem laga sig að stöðu einstaklinga og leggja má fyrir á lengri tíma en einum degi. Leggja þarf áherslu á að þetta eru próf í þróun þar sem margt getur komið upp á sem sýna þarf skilning og taka tillit til við frekari þróun.

Það er það mat grunnskólaskrifstofunnar að öll sú vinna og lausnaleit sem fram hefur farið í skólum borgarinnar, hjá skrifstofu SFS og UTD hafi skilað árangri. Fyrirlögn í haust mun skila gagnlegum upplýsingum og þekkingu sem mun nýtast í næstu skrefum og stuðla að framþróun í inntaki og fyrirlögn prófa. Þessi fyrirlögn og tengd vinna getur einnig stuðlað að jafnari stöðu skóla og jafnræði nemenda þegar fram í sækir. Mikilvægt er að upplýsa allt skólasamfélagið að um próf í þróun sé að ræða. Ekki er talin ástæða til að fara fram á að hætt verði við rafrænt samræmd próf á þessu skólaári.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs